# Starfsáætlun 2025-2026
# Heilsuleikskólinn Skógarás

Skolar.is
Skogaras.skolar.is

# Starfsáætlun 2025-2026
# Heilsuleikskólinn Skógarás

Reykjanesbær, 20.08.2025

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

## Inngangur

Heilsuleikskólinn *Skógarás* tók til starfa 2. september 2008 og er rekinn af *Skólum ehf*. í samvinnu við Reykjanesbæ. *Skólar* er félag sem rekur 5 heilsuleikskóla í sveitarfélögunum, Reykjanesbæ, Kópavogi, Reykjavík og Garðabæ. Allir leikskólar innan vébanda *Skóla* starfa í anda Heilsustefnunnar sem kjarnast um heilsu og lífsgæði barna, starfsfólks og nærsamfélagsins.

Heilsuleikskólinn Skógarás er fjölmenningarskóli þar sem meirihluti barna er af erlendu bergi. Skólastarfið einkennist af virðingu, inngildingu og íslensku málumhverfi.

Starfsáætlun skólans sýnir þá stefnu og verkefni sem áætlað er að framkvæma á skólaárinu. Hún byggir á innra- og ytra mati skólans, skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjanesbæjar.

Heilsueflandi leikskólastarf með áherslum *Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og* viðmiðum *Heilsueflandi leikskóla* er rauði þráðurinn í öllu okkar skólastarfi. Verkefnin stuðla að heilsueflingu skólasamfélagsins í víðu samhengi og ramma inn áherslur skólans og innra mat á skólastarfinu. Sérstök áhersla er á fjölbreytni og snemmtæka íhlutun í gegnum hreyfingu og íþróttir.

Menntastefna Reykjanesbæjar „með opnum hug og gleði í hjarta“ endurspeglast í starfi skólans, sem miðar að því að skapa börnunum öruggt og hvetjandi umhverfi, þar sem þau eru mikilvægust, kraftur fjölbreytileikans er virtur og að skólabragurinn einkennist af faglegri og hvetjandi samvinnu.

## Leiðarljós leikskólans

*Heilbrigð sál í hraustum líkama* þar sem **samvinna** starfsfólks einkennist af **gleði, seiglu, kærleika og trausti.**

# Efnisyfirlit

1. Greinagerð leikskólastjóra ..... 5
1.1 síðastliðið skólaár ..... 5
1.2 Markmið og framtíðarsýn fyrir skólaárið ..... 7
2. Hagnýtar upplýsingar ..... 9
3. Menntastefna Reykjanesbæjar ..... 12
3.1 Meginmarkmið ..... 12
3.2 Leiðarljós ..... 12
3.3 Stefnuáherslur ..... 12
4. Mat á skólastarfi ..... 15
4.1 Innra mat 2023-2024 ..... 15
4.2 Ytra mat 2023-2024 ..... 17
4.3 Umbótaáætlun 2024-2025 ..... 18
4.4 Matsáætlun 2024-2025 ..... 19
5. Starfsþróun og fræðsla ..... 20
5.1 Nám og starfsþróun 2022-2023 ..... 20
6. Tengsl skólastiga ..... 21
7. Foreldrasamvinna ..... 23
7.1 Fjölskyldan og leikskólinn ..... 23
7.2 Foreldrafélag ..... 24
7.3 Foreldraráð ..... 25
7.3.1 Umsögn foreldraráðs á starfsáætlun skólans ..... 25
8. Viðauki ..... 26
8.1 Mannauður ..... 26
8.2 Skóladagatal 2024-2025 ..... 27

# 1. Árleg starfsemi leikskólans

## 1.1 síðastliðið skólaár

Skólaárið 2024-2025 var sannarlega gott ár sem einkenndist, líkt og undanfarin ár, af samvinnu og fagmennsku. Umbótaáætlun skólans gekk að mestu eftir og við getum með stolti litið yfir farinn veg.

Líkt og á síðasta skólaári héldum við áfram innleiðingu á breytingum í Aðalnámskrá leikskóla. Við lögðum sérstaka áherslu á að styrkja grunngildi leikskólans og leikinn sem aðal náms- og kennsluleið. Við tókum sérstaklega fyrir handbók um leik barna í leikskólum, sem menntamálaráðuneytið gaf út sem viðbót og stuðning til að efla leikinn sem kjarnann í leikskólastarfinu. Við nálguðumst verkefnið út frá þeirri grundvallarhugmynd að leikur barna sé þeirra mikilvægasta náms- og þroskaleið. Allt starfsfólk leikskólans las handbókina og hugleiddi efnið. Handbókinni var skipt í fjórar lestrarlotur þar sem starfsfólk fékk þrjár vikur til lestrar, síðan vikutíma fyrir ígrundandi samtöl á deildarfundum, og að lokum viku þar sem stjórnendateymi ræddi niðurstöður og framvindu. Þetta verkefni er skólabókardæmi um sterkt lærdómssamfélag í verki. Það sýnir hvernig leikskólinn vinnur markvisst að sameiginlegri þekkingarsköpun og ígrunduðu starfi. Verkefnið styður við meginmarkmið Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021-2030, „Með opnum hug og gleði í hjarta", með því að efla fagþekkingu starfsfólks á leik sem undirstöðu náms og þroska. Lestrarloturnar endurspegla fullkomlega tvö leiðarljós menntastefnunnar: Faglegt menntasamfélag og að börnin séu mikilvægust. Með auknum skilningi á mikilvægi leiksins er starfsfólk betur í stakk búið til að skapa hvetjandi umhverfi þar sem börn geta þroskast á eigin forsendum. Verkefnið sýnir að þegar fagfólk vinnur saman að sameiginlegum markmiðum, ígrundandi og með skýra sýn, þá eykst gæði leikskólastarfsins og þar með náms- og þroskamöguleikar barnanna. Við í Skógarási höfum áhyggjur af því rými og tíma sem sjálfsprottinn leikur hefur í nútíma leikskólastarfi. Við finnum fyrir auknum utanaðkomandi þrýstingi um fjölda verkefna sem þykir fallegt að skreyta sig með, en við megum aldrei glata sjónum á því grundvallaratriði að leikurinn er aðalnámsleið barnsins. Með því að verja og efla leikinn erum við að stuðla að heildrænum þroska barna á þeirra eigin forsendum.

Skólinn hélt áfram að vinna með þróunarverkefnið „Leikgleði með sögum og söng" sem er sameiginlegt verkefni leikskóla Reykjanesbæjar. Við höfum samtvinnað þetta verkefni við listahátíð barna með góðum árangri. Verkefnið hefur styrkt okkur í að samþætta listir, skapandi starf og málörvun á fjölbreyttan hátt.

BHRG og YAP eru mikilvæg verkfæri í okkar starfi. Við notum þessi verkfæri bæði til að efla fjölbreytta hreyfingu og íþróttir ásamt því að skapa okkur vettvang til að sinna snemmtækri íhlutun í hreyfi- og

taugaþroska. Við sjáum miklar framfarir og öfluga hreyfigetu sem endurspeglast í glöðum og sjálfsöruggum börnum. Snemmtæk íhlutun í hreyfiþroska er að hluta til sérstaða skólans og líkt og áður sendu háskólarnir á höfuðborgarsvæðinu til okkar nema til að læra aðferðir okkar.
Vinna við að íslenska YAP efnið og aðlaga að hreyfingu í leikskóla hélt áfram á árinu og var kennsluefnið *Leikskólafimi* gefið út. Efnið er flokkað eftir aldri barna og er nú aðgengilegt öllum á heimasíðu Special Olympics, auk þess sem hægt er að kaupa útprentuð spjöld.

Sérkennsla skólans hefur verið til fyrirmyndar og hlotið lof frá samstarfsaðilum fyrir framúrskarandi árangur, yfirsýn og skilvirk vinnubrögð. Sérkennsluteymi skólans samanstóð á liðnu ári af sérkennslustjóra, leikskólakennara, íþróttafræðingi, iðjuþjálfa, íslenskufræðingi og stuðningsfulltrúa. Unnið er út frá einstaklingsnámskrám, stuðningi og þörfum barna. Alls fengu 22 börn sérkennslu þetta árið, eða um 28% nemenda. Skólinn fékk aukna stöðugildaheimild upp á eitt og hálft stöðugildi vegna umfangs málaflokksins.

ÍSAT verkefni skólans var einnig til fyrirmyndar. ÍSAT teymið samanstóð af starfsfólki frá hverri deild ásamt verkefnastjóra og alls tóku 50 börn af erlendum uppruna þátt í þessum metnaðarfullu verkefnum. Unnið var með *Hæfniramma í íslensku*, *Tákn með tali*, *Gefðu 10* og samræðulestur.

Skólinn hlaut styrk úr nýsköpunar- og þróunarsjóði Reykjanesbæjar til að þróa málstefnu með íslenskuna í forgrunni sem skólamál skólans. Allur starfsmannahópurinn kom að mótun stefnunnar sem við köllum „Málgleði" Stefnan var formlega gefin út í maí 2025. *Málgleðin* leggur áherslu á ríkulegt málumhverfi, fjölbreyttan orðaforða og málörvun í gegnum daglegt starf.

Á haustmánuðum gáfu Samtök heilsuleikskóla út endurbætta næringarstefnu. Stefnan tekur mið af ráðleggingum landlæknis og eru matseðlar og uppskriftir skipulagðar út frá næringarþörf leikskólabarna. Úrbæturnar hafa aukið skilvirkni, einfaldað verkferla og fjölgað uppskriftum frá fyrri útgáfu. Heilsuefling er samofin öllu okkar starfi og við höfum lagt mikla áherslu á að skapa heilsusamlegt umhverfi fyrir börnin. Þetta samrýmist vel áherslum Reykjanesbæjar á heilsueflandi samfélag.

Fjölmargt starfsfólk okkar hefur verið að afla sér menntunar í leikskólafræðum undanfarin ár, og höfum við lagt mikla áherslu á að styðja þau í því ferli. Við fögnum því að einn leikskólakennari útskrifaðist frá Háskóla Íslands síðastliðið vor með meistaragráðu í leikskólafræðum. Jafnframt höfum við tekið á móti fjórum nemum í leikskólatengdum fræðum frá Háskóla Íslands og fimm nemum frá Danmörku.

Stytting vinnuvikunnar hefur gengið þokkalega í skólanum. Þrátt fyrir áskoranir og álag sem fylgir þessum breytingum, þá upplifum við úthvíldara starfsfólk sem hefur náð að nýta betur frí á skráningardögum. Viðverustefna skólans hefur einnig skilað árangri, og skammtímaveikindi hafa minnkað. Þetta eru jákvæð teikn á lofti sem við eigum að fagna.

MEÐ OPNUM HUG OG GLEÐI Í HJARTA

Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins sýna að stjórnun í Skógarási er ekki aðeins góð, heldur marktækt betri en landsmeðaltal. Starfsfólk metur stuðning og forystu yfirmanna sinna sérstaklega hátt og telur starfsandann hvetjandi og styðjandi. Þetta hefur augljóslega skilað sér í einstaklega góðu samstarfi á deildum, en 88,9% starfsfólks er mjög sammála því að samstarfið sé gott, sem er tölfræðilega marktækt hærra hlutfall en á landsvísu. Sérstaklega ber að nefna að leikni starfsfólks í starfi mælist 5,6 að meðaltali samanborið við 5,1 á landsvísu. Það sem er athyglisvert er að Skógarás raðast hæst í þessum þætti, ekki aðeins á Íslandi heldur einnig meðal samanburðarlanda á Norðurlöndunum. Skógarás skarar einnig fram úr hvað varðar aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga og skipulag undirbúningstíma fyrir starfsfólk. Starfsfólk metur þörf fyrir símenntun á inntaki aðalnámskrár marktækt minni en almennt gerist, sem bendir til þess að starfsfólk upplifi sig vel undirbúið í starfi. Þessar niðurstöður sýna að Heilsuleikskólinn Skógarás er framúrskarandi vinnustaður með sterka stjórnun, góðan starfsanda og öfluga faglega þróun. Þetta er fyrirmynd sem aðrir leikskólar gætu lært af og við ættum að íhuga hvernig við getum miðlað þessum árangri til annarra stofnana.

Hins vegar get ég ekki lokið máli mínu án þess að vekja athygli á brýnni þörf fyrir viðhald og endurbætur á skólalóðinni okkar og húsnæði. Ástandið er því miður ekki gott og skapar jafnvel hættu fyrir börn og starfsfólk. Enn er ekki búið að fullklára leiksvæði barnanna eins og til stóð þegar skólinn var fluttur 2018. Þá átti að malbika og merkja bílastæði starfsmanna 2023, sem hefur ekki verið gert. Geymslukofar á útilóð eru illa farnir af fúa og myglu, sem versnar með hverju árinu. Gólfefni hefur gliðnað og skapar hættu, mikill gólfkuldi er í hluta hússins þar sem yngstu börnin eru og átti að setja gólfhita þegar skipta átti um gólfefni (áætlað 2021), loftræsting á deildum barnanna er verulega ábótavant og hefur vinnueftirlitið m.a. komið með ábendingar um úrbætur.

## 1.2 Markmið og framtíðarsýn fyrir skólaárið

Skólastarfið í Skógarási stendur á traustum grunni sem mótaður er af lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá leikskólans, menntastefnu Reykjanesbæjar og Heilsustefnu

Unnar Stefánsdóttur. Þessi rammi gefur okkur skýra stefnu, en það er framkvæmdin og fólkið sem fyllir þessa ramma lífi.

Við höfum náð eftirtektarverðum árangri á undanförnum misserum sem við erum stolt af og ætlum að viðhalda og efla enn frekar. Lærdómssamfélag okkar byggir á lýðræðislegum samskiptum þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þetta er ekki tilviljun heldur afrakstur markvissrar vinnu og metnaðar. Við höfum markvisst skapað umhverfi þar sem leikur, gleði og nám eru í hávegum höfð – umhverfi sem ræktað hefur heilbrigða og skapandi einstaklinga.

Það er sérstakt fagnaðarefni að fjölgun fagmenntaðra og starfsmanna í leikskólatengdu námi hefur aukist hjá okkur. Með þessari fjölgun fagfólks fylgir aukin þörf starfsmanna á að dýpka faglega þekkingu sína, þróast enn frekar og efla faglega ígrundun. Þennan eldmóð og þekkingarþorsta þurfum við að næra og virkja. Það er ekki nóg að hafa hæft starfsfólk – við þurfum að tryggja að það blómstri í starfi.

Á komandi skólaári stöndum við frammi fyrir spennandi áskorun með þátttöku okkar í þróunarverkefninu „Heillaspor" ásamt öðrum skólum í Ásbrúarhverfinu. Þetta verkefni felur í sér heildræna nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi, með sérstaka áherslu á tengsla- og áfallamiðaða nálgun í inngildandi skólastarfi.

Þetta verkefni er ekki aðeins mikilvægt fyrir Skógarás heldur fyrir allt skólasamfélag Ásbrúarhverfisins. Með sameiginlegri sýn og samtakamætti munum við skapa samfellu í námi og líðan barna frá leikskóla og upp úr. Hver skóli mun leggja sitt af mörkum til að skapa þessa heildstæðu nálgun þar sem þarfir allra barna eru í forgrunni.

Við horfum björtum augum til framtíðar. Með faglegri forystu, metnaðarfullu starfsfólki og skýrri framtíðarsýn munum við halda áfram að skapa umhverfi þar sem börn fá að vaxa, dafna og þroskast í öruggu og hvetjandi umhverfi.

## 2. Hagnýtar upplýsingar

Heilsuleikskólinn Skógarás tók til starfa 2. september 2008 og er til húsa að Skógarbraut 932 á Ásbrú og er rekinn af *Skólum ehf*. í samvinnu við Reykjanesbæ.

Heilsuleikskólinn Skógarás er 80 barna skóli með fjórar aldursskiptar deildir fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Eldri deildir skólans hafa sína forstofu hver og yngri deildirnar tvær deila með sér forstofu. Leikskólalóðin er tvískipt og aðskilin með tilliti til aldurs og þroska. Í skólanum er hreyfisalur, listasmiðja og bókasafn. Skólastjórnendur deila skrifstofu, sérkennslustjóri og ÍSAT verkefnastjóri deila skrifstofu og hafa auk þess fjölnota rými til funda, samtala og þjálfunar. Starfsfólk hefur sérinngang, kaffistofu og þrjú salerni. Allur matur er eldaður á staðnum í fullbúnu eldhúsi ásamt búri og þvottahúsi. Flatarmál húsnæðisins er 933 m2, nettóstærð leikrýmis 545 m2.

Skólastjórn er í höndum Þóru Sigrúnar Hjaltadóttur leikskólakennara og Kristínar Helgadóttur leikskólakennara.

Opnunartími skólans er 7.45-16.15.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans http://skogaras.is/.

### *Börn*

Í byrjun október er áætlað að skólinn verði fullsetinn með 83 börn. Rúmlega 70 % barna eru af erlendum uppruna og eru tungumál skólans tuttugu og tvö. Áætlað að ríflega 30% barna njóti sérkennslu yfir skólaárið, líkt og árin á undan.

### *Sérkennsla*

Hólmfríður María Hjaltadóttir leikskóla- og sérkennari, er sérkennslustjóri.

Frá og með 1. janúar 2025 jukust stöðugildi í sérkennslu úr 4,5 í 6, sem er nauðsynlegt skref til að mæta þeim fjölda barna í skólanum sem þurfa á sérkennslu að halda.

Undir forystu Hólmfríðar hefur sérkennsluteymið náð umtalsverðum árangri þrátt fyrir krefjandi aðstæður. Sérkennslustjóri ásamt teymi fagfólks sinnir nú málörvun, hegðunarmótun, félagsfærniþjálfun og eflingu hreyfifærni fyrir um 25 börn, sem er töluvert yfir landsmeðaltali samkvæmt niðurstöðum skólapúlsins.

Við erum stolt af faglegri samsetningu teymisins, þar sem starfa sérkennari, leikskólakennari, íþróttakennari, þroskaþjálfi, iðjuþjálfi, íslenskukennari og stuðningsfulltrúi. Þessi fagþekking gerir okkur kleift að veita þjónustu sem er til fyrirmyndar og sýnir mælanlegan árangur.

Engu að síður stöndum við frammi fyrir þeirri áskorun að núverandi úrræði ná ekki að þjóna hverjum einstaklingi að fullu á eigin forsendum. Þetta samræmist illa lögum um farsæld barna og reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga.

### *ÍSAT (íslenska sem annað tungumál)*

Þóranna Kolbrún Jónatansdóttir leikskólakennari er ÍSAT verkefnastjóri.

Haustið 2019 fengum við 50% stöðugildi verkefnastjóra til að sinna þessum málaflokki, og það var nauðsynlegt skref.

Leikskólinn okkar er einstakur að því leyti að yfir 70% barnanna eru tví- eða fjöltyngd. Við erum með ótrúlega fjölbreytni tungumála, alls 22 tungumál undir einu þaki

Þóranna Kolbrún leikskólakennari er verkefnastjóri ÍSAT og heldur utan um skipulagningu og framkvæmd verkefna tengdum málaflokknum. Hún sinnir einnig sértækri málörvun, bæði fyrir einstaklinga og hópa barna sem læra íslensku sem annað mál. ÍSAT teymi skólans samanstendur af verkefnastjóra og einum fulltrúa frá hverri deild.

Þessi fjölbreytileiki er mikill styrkur fyrir starf okkar, en krefst einnig öflugrar og markvissrar kennslu í íslensku sem öðru máli. Með þessari sérstöku stöðu höfum við getað byggt upp metnaðarfullt starf sem styður við fjöltyngd börn á markvissan hátt.

### *Farsæld barna*

Við stöndum nú á tímamótum í þjónustu við börn. Með löggjöf um samþætta þjónustu sem tók gildi 1. janúar 2022 opnuðust nýir möguleikar til að tryggja farsæld allra barna í okkar samfélagi.

Í leikskólanum okkar höfum við tekið þessum breytingum fagnandi. Kristín Helgadóttir aðstoðarskólastjóri, sem nýlega lauk diplómanámi í farsæld barna, leiðir öflugt teymi með sérkennslustjóra og ÍSAT verkefnastjóra.

Farsældarlöggjöfin er ekki bara orð á blaði. Hún er tækifæri til að umbreyta því hvernig við mætum þörfum barna. Með þriggja þrepa þjónustustigum tryggjum við að öll börn fái viðeigandi stuðning, hvort sem þau þurfa almenna grunnþjónustu eða sérhæfðari úrræði.

Við sem störfum á fyrsta stigi – í leikskólanum – erum í lykilstöðu. Hér getum við veitt snemmtækan stuðning og gripið inn í áður en vandinn verður stærri.

Þetta snýst um samvinnu, ekki sundurliðun. Farsæld barna er sameiginleg ábyrgð okkar allra. Með því að samþætta þjónustuna, brjóta niður múra milli kerfa og setja barnið í forgrunn, getum við raunverulega breytt lífi barna til hins betra. Með þekkingu, skilningi og samvinnu getum við skapað samfélag þar sem hvert barn nýtur farsældar. Því börn eru ekki bara framtíð okkar – þau eru nútíðin og þau eiga skilið okkar bestu þjónustu.

## *Skólaþjónusta menntasviðs Reykjanesbæjar*

Skólaþjónustan beinist að því að efla skólana sem faglegar stofnanir til að geta leyst flest þau viðfangsefni sem upp kunna að koma í skólastarfinu. Skólaþjónustan veitir þjónustu í samræmi við áherslur sem fram koma í reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga nr. 444/2019 og í lögum um samþættingu í þágu farsældar barna 86/2021.

Þverfaglegur hópur starfsfólks menntasviðs leggur sig fram um að veita framúrskarandi þjónustu þar sem vingjarnlegt viðmót og virðing eru ávallt höfð í fyrirrúmi. Starfsfólk skrifstofu menntasviðs veitir þjónustu í samræmi við skilgreint verklag og er lögð áhersla á að þjónustan sem veitt er einkennist af hlýju, fagmennsku og trausti. Hver skóli hefur aðgang að ráðgjafarteymi sem heldur utan um skólaþjónustu við skólann ásamt öðru starfsfólki skólaþjónustunnar eftir þörfum.

- Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi

Ráðgjafarteymi Skógaráss

- Harpa Mjöll Magnúsdóttir kennsluráðgjafi og verkefnastjóri ÍSAT
- Lára Björg Grétarsdóttir sálfræðingur
- Berglind Ósk Guðmundsdóttir talmeinafræðingur

## 3. Menntastefna Reykjanesbæjar

Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030, *Með opnum hug og gleði í hjarta* er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Stefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þau varða leiðina að farsæld barna þar sem allir sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þátttakendur.

### 3.1 Meginmarkmið

Meginmarkmið menntastefnu Reykjanesbæjar er að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta.  Menntastefnan fangar meginkjarna leikskólastarfsins og styður við.

*Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur* styður við farsæld barna og leggur grunn okkar að menntastefnu Reykjanesbæjar.

### 3.2 Leiðarljós

Menntastefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Leiðarljósin varða leiðina að farsæld barna þar sem allir sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þátttakendur.




### 3.3 Stefnuáherslur

Menntastefnan byggir á fimm megin áherslum sem eiga að ná yfir þá eiginleika og hæfni sem við viljum þroska og efla hjá börnum og ungmennum í leik og starfi. Þeim er ætlað að stuðla að því að börnunum okkar líði vel og þau njóti gæða menntunar til að takast á við áskoranir í nútíð og framtíð.

Leikurinn er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar þeim tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Í Skógarási er leikurinn í hávegum hafður og allt starf skipulagt með leikinn að leiðarljósi. Skipulag námsumhverfis er hugsað

út frá barnahópnum þar sem áhugi og líðan er í brennidepli.  Námsumhverfið á að vekja áhugahvöt og sköpun barnsins þannig hugsum við að umhverfið sé breytilegt, áhugavekjandi og skemmtilegt. Leikurinn í sinni fjölbreyttu mynd fær að njóta sín.

Skólinn leggur frumáherslu á heilsueflandi leikskólauppeldi og starfar eftir ***Heilsustefnu*** Unnar Stefánsdóttur ásamt því að vera þátttakandi í verkefni Embætti landlæknis ***Heilsueflandi leikskóli***, ***Young Athlete Program  (YAP)*** *Special Olympics* og ***BHRG*** .

Megin markmið ***Heilsustefnunnar*** er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun í leik og starfi. Lögð er áhersla á að skapa heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er unnið með þroska og heilbrigði og grunnur lagður að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð. Hreyfistundir barnanna eru a.m.k. tvisvar í hverri viku og ríkuleg útivera alla daga. ***Heilsueflandi leikskóli*** er verkefni á vegum *Embættis landlæknis* og er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi. ***YAP***-ið (*young athletes program*) er alþjóðlegt verkefni á vegum *Special Olympics* samtakanna og miðar að því að efla hreyfingu fyrir börn með sérþarfir. ***BHRG*** er lýðheilsu- og forvarnarverkefni sem snýr að því hvernig við getum greint áskoranir og nýtt markvissa hreyfiörvun sem snemmtæka íhlutun til að stuðla að bættum heila- og taugaþroska barna.

MÉR LÍÐUR VEL

SKÖPUNARGLEÐI

Sköpun er meðfæddur eiginleiki sem á rætur í eðlislægri forvitni og athafnaþrá. Til að sá eiginleiki fái notið sín þarf að búa börnum umhverfi sem ýtir undir það að þau nýti og njóti sköpunarhæfni sinnar.

**Heilsustefna** Unnar Stefánsdóttur leggur áherslu á fjölbreytta skapandi upplifun og leik.

Uppbyggilegur skólabragur  byggist fyrst og fremst á samvinnu og jákvæðum vinnubrögðum. Áherslan á fagleg-, lausnamiðuð- og lýðræðisleg samskipti kennara mótar þann skólabrag sem við erum stolt af. Sýnt hefur verið fram á að skólabragur er jafnvel mikilvægari en námið sjálft og að bein tengsl eru á milli góðs skólabrags og vellíðunar og velgengni barna.

ALLIR MEÐ

***Vinátta*** er forvarnarverkefni ***Barnaheilla*** gegn einelti ætlað leikskólum. ***Vinátta*** þjálfar félagsfærni og samskipti og stuðlar að góðum skólabrag. Unnið er með námsefnið í öllum aldurshópum skólans.

Læsi er samheiti yfir marga færniþætti og endurspeglar hæfni til að skynja og skilja samfélagið og umhverfið á gagnrýninn hátt. Læsi er grundvöllur þess að afla sér þekkingar sem eykur víðsýni og þroskar gagnrýna hugsun, ýtir undir valdeflingu, virkni og lýðræðislega þátttöku.

**Leikur og læsi** í víðum skilningi er fléttað í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er á að auka orðaforða og hugtakaskilning. Námsumhverfið styður við og hvetur börnin til þess að nota tungumálið í leik og starfi.

OPNUM HUGANN

Umhverfismennt skólans hefur það að markmiði að auka færni barna og kunnáttu hvað umhverfisvernd varðar og þannig stuðla að þróun í átt að sjálfbærni. Lögð er áhersla á að umhverfismenntin flæði í gegnum allt starf skólans.

VIÐ OG JÖRÐIN

## 4. Mat á skólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.
Niðurstöður koma til grundvallar við skipulagningu næsta skólaárs.

### 4.1 Innra mat 2024-2025

Markmið innra mats á skólastarfi er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Innra mat fór fram með fjölbreyttum hætti, kannanir voru lagðar fyrir starfsfólk, börn og foreldra. Foreldrasamtöl eru hluti af endurmati, þar er farið yfir heilsubók barnsins og grunnur lagður af áframhaldandi samstarfi. Mánaðarlegir fundir með skólaþjónustu Reykjanesbæjar eru nýttir til að endurmeta sérkennslutengd mál og fylgst með framþróun þeirra barna sem þurfa. Starfsmanna- og teymisfundir skólans eru vettvangur sem við nýtum í að endurmeta starfshætti, viðburði og fræðslu starfsmanna.

| **Hvað var metið** | **Hvernig fór matið fram** | **Hverjir tóku þátt í matinu?** | **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** |
|---|---|---|---|
| **Heilsueflandi leikskólauppeldi – Heilsustefnan** | | | |
| **Nám og velferð barna** | Skráning í heilsubók barnsins og foreldraviðtöl í framhaldi.<br>Skráningarþættir:<br>• Heilsufar<br>• Næring, svefn og sjálfshjálp<br>• Leikurinn<br>• Félagsfærni/lífsleikni<br>• Fín-og grófhreyfifærni<br>• þróun myndsköpunar | Deildarstjórar og foreldrar | Ánægja með starfið, sýnilegar framfarir og ánægja barna. |
| **Hreyfiþroski barna** | Einstaklings hreyfiþroskagátlistar<br>• Heilsubók barnsins<br>• MOT 4-6<br>• YAP<br>• BHRG | Fagstjóri hreyfingar og börn | Einstaklingsáætlanir og snemmtæk íhlutun fyrir þá börn sem þurfa á að halda. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Heilsueflandi leikskóli verkefni Landlæknis** | Gátlistar verkefnisins útfylltir varðandi geðrækt starfsfólks | Heilbrigðisteymi skólans | Unnið var áfram af heilsueflandi þáttum sem komnir voru. |
| **Læsi og málörvun** | | | |
| **Hljóðkerfisvitund elstu barna** | Hljóm2 könnun lögð fyrir elsta árgang að hausti og endurtekið eftir þörfum í janúar. | Sérkennslustjóri, deildarstjóri og ÍSAT verkefnastjóri | Þokkalegar niðurstöður, sem endurspegla áskoranir í nemendahópnum. |
| **Máltaka barna** | Skráningarlisti TRAS notaður til að kortleggja máltöku yngstu barna 2x á ári og ef ástæða er til, eftirfylgni áfram upp í aldri. | Deildarstjórar | Einstaklingsáætlanir og málörvun eftir aðstæðum. |
| **Stoðþjónusta** | | | |
| **Sérkennsla** | Samráðsfundir<br>• EFI-2 málþroskaskimun<br>• APES getukvarði | Skólaþjónusta Reykjanesbæjar, sérkennslustjóri og deildarstjórar | Einstaklingsáætlanir, sjónrænt skipulag, stoðbúnaður og snemmtæk íhlutun eftir þörfum. |
| | Teymisfundir með foreldrum<br>• viðhorfskönnun foreldra | Viðeigandi foreldrar | Ánægja meðal foreldra |
| **ÍSAT (íslenska sem annað tungumál)** | Samráðsfundir<br>• hæfnisrammar í íslensku<br>• samræðulestur-skráning kennara<br>• TMT möppur-skráð virkni foreldra | Skólaþjónusta Reykjanesbæjar, ÍSAT verkefnastjóri, ÍSAT teymi skólans, deildarstjórar, allir starfmenn og foreldrar. | Verkefnið gekk vel, góð þátttaka og virkni starfsfólks. |
| **Umhverfisvernd** | | | |
| **Matarsóun** | Deildirnar vigtuðu matarafganga í heila viku samfellt tvisvar yfir veturinn, með viku millibili og tóku síðan endurmat á fundi.<br>Eldhús skráði umfang afganga yfir 2 vikur. | Starfsfólk deilda og eldhúss | Matarsóun er mjög lítil í skólanum og minnkaði enn frekar eftir seinni mælingu. |
| **Réttindi barna** | | | |
| **Líðan barna** | Barnaþing | Allur barnahópurinn á Spóa og Lóu | Niðurstöður sýna að börnunum líður vel í skólanum. |
| **Samskipti barna við kennara** | Starfsfólk skoðaði umfang samskipta sín við öll börn á viðeigandi deild á haustönn með því að staðsetja börnin á samskiptahringja blað | Allir starfsmenn sem starfa með börnum | Góðar niðurstöður, öll börn áttu í samskiptum við starfsfólk, þó í mismunandi umfangi og gaf góða mynd af hvaða börnum við þurftum að veita meiri eftirtekt. |
| **tengsl barna við kennara** | Starfsfólk skoðaði tengsl sín við öll börn á viðeigandi deild á vorönn með því að staðsetja | Allir starfsmenn sem starfa með börnum | Góðar niðurstöður, öll börn áttu tengsl við eitthvað starfsfólk, þó í mismunandi umfangi og gaf góða mynd af |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | börnin á tengslahringja blað | | hvaða börnum við þurftum að veita meiri eftirtekt. |
| **Líðan barna** | Einstaklingssamtöl foreldra við börnin sín. Foreldrar skiluðu skýrslu til deildarstjóra sem nýtt var áfram í foreldrasamtal. | Öll börn í elsta árgangi. | Börnunum líður vel í skólanum. Þau eiga vini á deildinni. |
| **Mannauður** | | | |
| **Starfsmannafundir og skipulagsdagar** | Rafrænar kannanir sendar á allt starfsfólk eftir alla starfsmannafundi og skipulagsdaga | Starfsfólk | Mikil ánægja heilt yfir með dagskrá, fræðslu og umræður. |
| **Betri vinnutími – stytting vinnuvikunnar** | Endurmetið á fundum stjórnendateymis – reglulega yfir veturinn | Stjórnendateymið | Almenn ánægja, mestu kjarabætur sem við höfum fengið. Breytingar á vorönn voru mjög góðar og þarfar, en þarf að slípa til og er komin áætlun um úrbætur, því mikilvægt er að skipulagið sé einfalt og fyrirsjáanlegt. |
| **Viðverustefna Skóla** | Viðvera skráð og viðverusamtöl tekin eftir þörfum og leikreglum | Viðeigandi starfsfólk og skólastjórnendur | Starfsfólk er að vinna að heilindum heilt yfir og sýnileg áhrif í góðri viðveru. |
| **Hlutverk deildarstjóra** | Sjálfsmat deildarstjóra á eigin stjórnun og skipulagi. | Deildarstjórar | Trúnaðarmál. |
